

REGLUR um gjaldeyrismarkað.

1. gr.

Aðild að millibankamarkaði með gjaldeyri.

Aðilar að millibankamarkaði með gjaldeyri (viðskiptavakar) geta þeir orðið, auk Seðlabanka Íslands, sem hafa ótakmarkað starfsleyfi til gjaldeyrisviðskipta á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, sbr. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar um gjaldeyrismál, nr. 679/1994, enda taki þeir á sig ábyrgð og skyldur viðskiptavaka með evru gagnvart íslenskrí krónu samkvæmt ákvæðum þessara reglna.

Viðskiptavaki sækir um aðild að gjaldeyrismarkaði samkvæmt reglum þessum á því formi sem Seðlabanki Íslands ákveður. Seðlabankinn afgreiðir umsókn innan tveggja vikna frá því að hún berst. Samþykki bankinn umsóknina tilkynnir hann það öllum aðilum á markaðnum fimm viðskiptadögum áður en aðild umsækjanda tekur gildi.

2. gr.

Skyldur viðskiptavaka.

Viðskiptavaka er skylt að gefa upp bindandi kaup- og söluverð evru ef annar markaðsaðili óskar þess. Sé fjárhæð eigi tilgreind skal viðskiptavaki miða við 100.000 evrur, og er honum skylt að eiga gjaldeyrisviðskipti fyrir þá fjárhæð á tilgreindu verði. Hafi viðskiptavaki aðra fjárhæð í huga skal hann tilgreina hana, en þarf ekki að segja til um hvort hann vill kaupa eða selja. Viðskiptavaka er ekki skylt að láta uppi verð fyrir aðra fjárhæð en 100.000 evrur. Seðlabanki Íslands er undanþeginn ákvæðum þessarar málsgreinar og getur einnig átt gjaldeyrisviðskipti við viðskiptavaka utan hefðbundins markaðstíma skv. 3. gr.

Viðskipti í öðrum gjaldmiðli en evru eru háð samþykki beggja aðila.

3. gr.

Markaðstími.

Millibankamarkaður með gjaldeyri er opin frá kl. 9.15 til 16.00 hvern viðskiptadag. Viðskiptadagur í reglum þessum er virkur dagur þegar opið er hjá viðskiptavökum og Seðlabanka Íslands.

4. gr.

Leiðbeinandi verðtilboð og tíðni gjaldeyrisviðskipta.

Viðskiptavakar skuldbinda sig til þess að uppfæra reglulega leiðbeinandi verðtilboð, þ.e. kaup- og sölugengi evru og birta þau í viðurkenndu viðskiptakerfi, sbr. 5. gr. Leiðbeinandi verð skal uppfæra eigi sjaldnar en á 30 sekúndna fresti. Þar skal að öðru jöfnu sýnt það verð sem viðskiptavaki er reiðubúinn að kaupa og selja 100.000 evrur á.

Hafi viðskiptavaki fengið verðtilboð hjá öðrum viðskiptavaka og átt gjaldeyrisviðskipti þurfa að líða 5 mínútur þar til hann biður sama viðskiptavaka um verðtilboð á ný.

5. gr.

Viðurkennt viðskiptakerfi.

Viðskiptavakar ákveða í sameiningu hvaða viðskiptakerfi skuli nota til birtingar leiðbeinandi kaup- og sölutilboða. Viðskiptavakar skulu hafa samráð við Seðlabankann, áður en þeir komast að samkomulagi. Seðlabankinn ákveður hvaða lágmarkskröfur viðurkennt viðskiptakerfi þarf að uppfylla. Breytingar á viðskiptakerfi þurfa viðskiptavakar að tilkynna Seðlabankanum að minnsta kosti 6 mánuðum áður en breytingin tekur gildi.

6. gr.

Upplýsingaskyldur viðskiptavaka.

Viðskiptavakar skulu skila Seðlabanka Íslands þrenns konar yfirliti, innan dags, daglegu og mánaðarlegu, um gjaldeyrisviðskipti á millibankamarkaði og gjaldeyrisjöfnuð – á því formi sem

Seðlabankinn mælir fyrir um. Upplýsingar um veltu hvers viðskiptadags skulu berast eins skjótt og kostur er, en eigi síðar en fyrir opnun næsta viðskiptadags.

7. gr.

Upplýsingaskyldur Seðlabanka Íslands.

Seðlabanki Íslands birtir upplýsingar á heimasíðu sinni um heildarviðskipti hvers viðskiptadags á millibankamarkaði með gjaldeyri.

8. gr.

Skráning opinbers viðmiðunargengis íslensku krónunnar.

Hvern viðskiptadag um klukkan 14.15 að mið-evrópskum tíma (e. Central European Time, CET) fer Seðlabankinn yfir tilboð allra viðskiptavaka og reiknar út miðgengi evru. Um klukkan 16.00 að íslenskum tíma birtir Seðlabankinn opinbert viðmiðunargengi og gengi annarra gjaldmiðla á heimasíðu sinni. Seðlabankinn getur í sérstökum tilvikum skráð opinbert viðmiðunargengi á grundvelli síðasta viðskiptaverðs sama dag.

Seðlabanki Íslands ákveður fyrir hvaða gjaldmiðla opinbert viðmiðunargengi er skráð.

9. gr.

Gjaldeyrisviðskipti Seðlabanka Íslands.

Seðlabanka Íslands er ekki skylt að eiga gjaldeyrisviðskipti við viðskiptavaka þótt eftir því sé leitað. Viðskiptavaka er hins vegar skylt að eiga gjaldeyrisviðskipti við Seðlabankann í samræmi við reglur þessar.

10. gr.

Fjöldi aukastafa í verðtilboðum.

Viðskiptavakar skulu nota sama fjölda aukastafa í verðtilboðum og gert er við skráningu opinbers viðmiðunargengis hjá Seðlabanka Íslands.

11. gr.

Gildisdagsetning viðskipta.

Í viðskiptum með erlendan gjaldeyri skulu gilda sömu reglur og á erlendum gjaldeyrismerkum um gildisdagsetningar og millifærslur á erlenda bankareikninga.

12. gr.

Hæfniskröfur.

Viðskiptavakar skulu tilkynna Seðlabankanum um hverjir sinna gjaldeyrisviðskiptum á millibankamarkaði fyrir þeirra hönd. Skulu þeir sjá til þess að starfsmenn sem annast gjaldeyrisviðskipti á millibankamarkaði hafi næga þekkingu til að annast gjaldeyrisviðskipti. Viðskiptavakar skulu hafa yfir að ráða fullnægjandi innri eftirlits- og upplýsingakerfum til að meta og stýra áhættu í gjaldeyrisviðskiptum. Þá skal innra skipulag viðskiptavaka vera þannig að skýr skil séu milli gjaldeyrisviðskipta og frágangs þeirra. Seðlabankanum skulu veittar upplýsingar um eftirlitskerfi og innri reglur sem viðskiptavaki hefur sett sér í gjaldeyrisviðskiptum sé þess óskað. Taki starfsemi viðskiptavaka breytingum eða skipt er um yfirmenn gjaldeyrisviðskipta skal Seðlabankanum tilkynnt um slíkt. Viðskiptavakar bera ábyrgð á þeim aðilum sem koma fram fyrir hönd þeirra í samskiptum við Seðlabankann.

13. gr.

Fundur markaðsaðila, siðareglur o.fl.

Viðskiptavakar skulu tilnefna tengiliði vegna samskipta við Seðlabanka Íslands og skal við það miðað að þeir séu yfirmenn gjaldeyrisviðskipta viðskiptavaka. Með reglulegu millibili skal Seðlabankinn efna til funda með viðskiptavökum. Viðskiptavakar skulu stuðla að heilbrigðum viðskiptaháttum í gjaldeyrisviðskiptum, m.a. með því að tryggja að viðskiptavakinn og starfsmenn hans til-

einki sér alþjóðlegu siðareglurnar „FX Global Code“ sem alþjóðagjaldeyrisnefndin (e. The Global Foreign Exchange Committee, GFXC) birtir og finna má á heimasíðu Seðlabankans.

Viðskiptavakar skulu fylgjast með öllum vísbendingum um óeðlilegt atferli að því er varðar umfang, tíðni og frágang gjaldeyrisviðskipta eða hvaðeina annað sem þeim tengist og óeðlilegt gæti talist. Verði viðskiptavakar þess áskynja, skulu þeir tilkynna Seðlabanka Íslands um slíkt án tafar.

14. gr.

Uppsögn viðskiptavaka og viðurlög.

Viðskiptavaki, sem hyggst segja upp aðild að millibankamarkaði samkvæmt reglum þessum, skal tilkynna Seðlabanka Íslands þá ákvörðun skriflega með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara.

Telji Seðlabanki Íslands að viðskiptavaki standi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt reglum þessum getur bankinn afturkallað aðild viðskiptavaka að millibankamarkaði með gjaldeyri skv. 1. gr.

15. gr.

Neyðarviðbrögð.

Verði gjaldeyrismarkaður óstarfhæfur um tíma, vegna bilana í búnaði eða vegna annarra óviðráðanlegra orsaka, getur Seðlabanki Íslands án fyrirvara ákveðið að gjaldeyrisviðskipti skuli fara fram með öðrum hætti en lýst er í reglum þessum og skal þá öllum aðilum að gjaldeyrismarkaði tilkynnt um það án tafar.

Ef upp koma sambærilegar aðstæður hjá viðskiptavaka, sem valda því að hann hefur ekki aðgang að nauðsynlegum upplýsingum, getur hann vikist undan að gefa upp verð þótt þess sé óskað samkvæmt 2. gr.

16. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með vísan til 27. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 92/2019, sbr. 3. mgr. 3. gr. sömu laga og ákvæði 8. gr. laga um gjaldeyrismál nr. 87/1992, voru samþykktar á fundi seðlabankastjóra og varaseðlabankastjóra 13. maí 2020. Þær öðlast gildi 30. ágúst 2020. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um gjaldeyrismarkað nr. 1098/2008 frá 3. desember 2008 með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi viðskiptavakar ekki komið sér saman um viðurkennt viðskiptakerfi, skv. 5. gr., og í samræmi við eldri reglur um gjaldeyrismarkaði nr. 1098/2008, telst upplýsingakerfi Refinitiv (áður Reuters) viðurkennt viðskiptakerfi.

Seðlabanka Íslands, 3. júní 2020.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Jónúsdóttir
framkvæmdastjóri.